

Nd. **217. Breytingartillögur** [33. mál]

við frv. til laga um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytisins um veitingu stofnlána opinberra aðila til byggingar nýrra vinnslustöðva eða meiri háttar breytinga á slíkum vinnslustöðvum.
2. Fyrirsögn frv. verði:
Frv. til l. um veiðar og vinnslu rækju og skelfisks.